

Fimmtudaginn 1. nóvember 1973.

Nr. 98/1972: Jóhann Þórir Jónsson
vegna tímaritsins Skákar
 (Sigurður Gizurarson hrl.)
 gegn
Kristni Kristinssyni og gagnsök
 (Benedikt Blöndal hrl.).

Dómenður:

hæstaréttardómarnir Logi Einarsson, Björn Sveinbjörnsson og Einar Arnalds.

Skuldamál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 25. júlí 1972. Krefst hann þess, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað heim í hérað til löglegrar meðferðar og dómsálagningar af nýju. Til vara krefst hann sýknu af kröfum gagnáfrýjanda. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og hér fyrir dómi.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu með stefnu 18. september 1972. Krefst hann staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Af hálfu aðaláfrýjanda var sótt þing í héraði, en þingsókn féll niður af hans hálfu, án þess að hann hreyfði andmælum eða legði fram nokkur gögn, og var málið síðan dómtekið og dæmt, eins og rétt var.

Fyrir Hæstarétt hefur aðaláfrýjandi lagt fram aðiljaskýrslu sína, dags. 20. október 1972, og haft uppi þá málsástæðu, að bifreið sú, er í málinu greinir, hafi verið haldin verulegum göllum. Skilyrðum 45. gr. laga nr. 57/1962, sbr. nú 45. gr. laga nr. 75/1973, hefur eigi verið fullnægt, og kemur þessi málsástæða því ekki til álita í Hæstarétti. Samkvæmt þessu verða kröfur aðaláfrýjanda ekki teknar til greina, og ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm að öðru leyti en því, að ársvextir ákveðast 7% frá 23. janúar 1972 til 16. maí 1973, en 9% frá þeim degi til greiðsludags. Ber að dæma aðaláfrýjanda til að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 18.000.00.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo, að ársvextir ákveðast 7% af hinni dæmdu fjárhæð frá 23. janúar 1972 til 16. maí 1973 og 9% frá þeim degi til greiðsludags.

Aðaláfrýjandi, Jóhann Þórir Jónsson vegna tímaritsins Skákar, greiði gagnáfrýjanda, Kritni Kristinssyni, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 18.000.00, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 19. júní 1972.

Mál þetta, sem dómtekið var 30. maí s.l., er höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 9. marz s.l., af Kristni Kristinssyni framkvæmdastjóra, Faxabraut 53, Keflavík, gegn Jóhanni Þóri Jónssyni, Meistaravöllum 5, Reykjavík, f. h. óskrásetts firma hans, Skákar, til greiðslu skuldar að fjárhæð kr. 100.000.00 með 1% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 23. janúar 1972 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Hina umstefndu skuld kveður stefnandi vera þannig til komna, að þann 23. janúar 1971 hafi stefndi keypt af stefnanda bifreið, gerð B.M.W. 2000, smíðaár 1968. Kaupverð bifreiðarinnar hafi verið ákveðið kr. 300.000.00, er stefndi hafi átt að greiða með kr. 150.000.00 og afhenda tvo víxla, annan að fjárhæð kr. 50.000.00, með gjalddaga 1. apríl 1971, en hinn að fjárhæð kr. 100.000.00, með gjalddaga 23. janúar 1972. Stefndi hafi afhent víxil að fjárhæð kr. 50.000.00, svo sem til hafi staðið, þó sá víxill hafi reyndar ekki fengizt greiddur. Stefndi hafi hins vegar vanefnt loforð sitt um að afhenda víxil að fjárhæð kr. 100.000.00 þrátt fyrir ítrekuð tilmæli í þá átt.

Sefnda hafi verið send greiðsluáskorun um að greiða skuld þessa á gjalddaga hennar 23. janúar s.l., en hafi ekki sinnt greiðsluáskorun og sé því málssókn þessi óhjákvæmileg.

Í skjölum málsins kemur fram m. a., að þá er kaup hafi verið gerð um bifreiðina Ö 12 þann 23. janúar 1971, hafi orðið að samkomulagi milli stefnanda og stefnda, Jóhanns Þóris Jónssonar, er keypt hafi bifreiðina fyrir hönd óskrásetts firma síns, Skákar, að kaupverðið skyldi greitt, eins og að framan greini. Öðrum víxlum hafi Jóhann Þórir skilað strax og í samræmi við venju

hafi bílasalinn skrifað á afsalið, að kaupverðið væri að fullu greitt, með því að Jóhann Þórir hafi lofað að koma hinum víxlinum til stefnanda strax daginn eftir, en sá víxill skyldi vera að fjárhæð kr. 100.000.00 með gjalddaga 23. janúar 1972. Hafi stefnandi talið þetta vera „bindandi loforð“ og því skrifað undir afsalið til handa Skák. Jóhann Þórir hafi hins vegar aldrei skilað þessum víxli þrátt fyrir mörg símtöl og loforð, en hafi hins vegar aldrei mótmælt því, að honum bæri að skila honum. Af hálfu stefnda var sótt þing við þingfestingu málsins hinn 14. marz 1972, og fékk hann frest til greinargerðar allt þar til málið var dómtekið, en þá féll þingsókn niður af hans hálfu. Verður þá eftir 118. gr. laga nr. 85/1936 að dæma málið eftir framlögðum skjölum og skilríkjum, og þar sem þau eru í samræmi við dómkröfur stefnanda, verða kröfur hans teknar til greina að öllu leyti, enda verður byggt á fullyrðingum stefnanda í stefnu og öðrum gögnum málsins í máli þessu, eins og það liggur hér fyrir dómi. Málskostnaður ákveðst kr. 14.000.00.

Dóminn kvað upp Kristín Briem.

Dómsorð:

Stefndi, Jóhann Þórir Jónsson f. h. Skákar, greiði stefnanda, Kristni Kristinssyni, kr. 100.000.00 með 1% dráttarvöxtum fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði frá 23. janúar 1972 og kr. 14.000.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.
